

árlega eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri 109
breytingu, er kynni að verða á samþykkt sjóðsins, og frá því, ef skipti verða á stofn- 31. ágúst.
endum hans samkvæmt 3. og 4 gr. samþykktarinnar.

Þetta gefst yður til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um hvort 110
útflutningsgjald beri að heimta af fiski hafna á milli hjer á landi. — Með þóknan- 1. sept.
legu brjefi, dags. 30. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, þar
sem P. V. Davidsen, verzlunarstjóri á Vopnafirði, spyrzt fyrir um, hvort sjer beri að
greiða útflutningsgjald af hörðum fiski, sem pantaður hafi verið hjá sjer úr Húnavatns-
sýslu og sem hann ætli að senda þangað með strandferðaskipinu á yfirstandandi ári,
með því að hann viti ekki nema sá, sem við fiskinum á að taka, kunni að ætla hann
til útflutnings, og hafið þjer beiðzt leiðbeiningar um, hvernig svara eigi þessari fyrir-
spurn.

Út af þessu vil jeg gefa yður til vitundar, sjálfum yður til leiðbeiningar og til
frekari birtingar, að þar sem 3. grein í lögum 4. nóvember 1881, um útflutningsgjald
af fiski, lýsi o. fl., mælir svo fyrir, að gjaldið skuli borgað, áður en skip það, sem í hlut
á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur á stað frá, hvort heldur til annara veiði-
staða hjer, eða fer burt frá landi, þá verður að skilja þessa ákvörðun, eins og líka er
skýrt tekið fram í ráðherrabr. 17. júlí 1882, þannig, að útflutningsgjaldið skuli því að
eins greiða, að fiskur sá o. fl. sem látinn er á skipið, sje þá ætlaður til útflutnings,
en að ekki verði heimtað gjald af fiski, sem sendur er hafna á milli innanlands og ekki
er ætlaður til útflutnings, þá er hann er látinn í skipið, þó svo kunni að fara, að sá,
sem fiskurinn er sendur, síðar flytji hann út, enda er það lögreglustjórans þar á staðn-
um, sem viðtakandi er, að hafa eptirlit með því. Jeg verð þannig að álíta, að ef sá,
sem sendir á stað með skipi tollskyldan fiskiafla til annarar hafnar hjer á landi, gefur
vottorð upp á æru og samvizku um, að fiskiaflinn sje ekki af honum ætlaður til útflutn-
ings, og hleðsluskjölin bera ekki annað með sjer, en að fiskiaflinn eigi að flytjast í land
á þeirri höfn, sem hann er sendur á, þá sje ekki næg heimild til að krefjast útflutn-
ingsgjalds af slíkum fiskiafla.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um láns- III
viðbót til að fullgjöra alþýðuskólahús. — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður- 2. sept.
Þingeyjarsýslu og samþykki amtráðsins í norður- og austuramtinu, vil jeg hjer með veita
tjedri sýslunefnd í viðbót við áður veitt 1500 kr. lán, 300 kr. lán úr viðlagasjóði til að
fullgjöra alþýðuskólahús í Hljeskógum í Grytubakkahreppi og til áhaldakaupa handa skól-
anum, þannig að lán þetta endurborgist og ávaxtist ásamt hinu áður veitta 1500 kr.
láni, á 28 árum með 6% árlega.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skyldu 112
til að leysa borgarabrjef til verzlunar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. m., 18. sept
hafið þjer, herra amtmaður, skotið þeirri spurningu til minnar úrlausnar, hvort hinum
núverandi eiganda að verzlunum þeim á Húsavík, Vopnafirði og Berufirði, sem kenndar
eru við Örum & Wulff, beri eigi samkvæmt 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breyting
á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, að leysa borgarabrjef til verzlunar á